LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna

LANDSBÓKASAFN
311139
ÍSLANDS

AUKABLAÐ UM VIET-NAM

1. tbl. 2. árg. 1973 kr. 20

Útgáfudagur 11/1 1973
STETTABARATTAN - AUKABLAÐ

Sú ástæða, sem liggur til grundvallar því, að KSML hafa ákveðið að gefa út aukablað um VÍETNAM, er, að við viljum gefa íslenzkum verkalýð rétta hugmynd um eðli og orsakir Víetnamstríðsins og á hvaða hátt íslenzkur verkalýður getur bezt stutt stéttarbræður sína í Víetnam. Um leið viljum við sýna fram á þá smáborgaralegu pólitík, sem hinar sjálfsprottnu hreyfingar hafa fært fram. Gott dæmi um hana er starf Víetnamnefndarinnar og málgagn hennar, "Samstaða".

Til áskrifenda.

Þar sem skipulagi á útburði blaðsins til áskrifenda hefur verið ábótavant og dráttur verið á því, að þeir fengju blaðið, hafa KSML ákveðið að taka upp nýtt dreifingarfyrirkomulag með það að markmiði, að áskrifendur fái blaðið í hendur, áður en það fer í almenna sölu.
Um leið biðjum við áskrifendurna velvirðingar á þessum bresti, sem hefur verið á dreifingarskipulagi blaðsins.

ÞJÓÐFRELSISFYLKINGIN SIGRAR!

USA heimsvaldasinnunum tekst aldrei að afmá

BYLTINGARSINNAÐ FORDÆMI VÍETNAM!

"NÚ ER KOMIÐ AÐ ÚRSLITASTUNDINNI. ANNAÐHVORT LEYSUM VIÐ DEILUNA FRIÐSAMLEGA FLJÓTT OG UNDIRRITUM SAMKOMULAGIÐ EÐA VIÐ HÖLDUM STRÍÐINU ÁFRAM." SAGÐI LE DUC THO VIÐ KOMUNA TIL PARÍSAR Á DÖGUNUM OG ÞANNIG ER BANDARÍSKU HEIMSVALDASINNUNUM ENN GEFINN KOSTUR Á "HEIÐARLEGUM FRIÐI", ÁÐUR EN HERNAÐARLEGT HRUN ÞEIRRA VERÐUR ALGJÖRT, ANNARS MUNU BANDARÍSKU HEIMSVALDASINNARNIR VERÐA ALGJÖRLEGA SIGRAÐIR. ATBURÐIR SÍÐUSTU DAGA, STÓRSÓKN ÞJÓÐFRELSISFYLKINGARINNAR, SÝNIR SVO EKKI VERÐUR UM VILLST, AÐ ALLAR TILRAUNIR BANDARÍSKU HEIMSVALDASINNANNA TIL AÐ BRJÓTA VÍETNÖMSKU ALÞÝÐUNA Á BAK AFTUR MEÐ ÓGNARSPRENGJUÁRÁSUM HAFA MISTEKIZT. TILRAUNIR NIXONS OG USA-HEIMSVALDASINNA TIL AÐ NÁ ÖÐRUM GENFARSAMNINGUM ERU DÆMDAR TIL AÐ MISTAKAST; VÍETNAMAR HAFA LÆRT AF REYNSLUNNI OG ALLAR TILRAUNIR TIL AÐ AÐSKILJA HINA HERNAÐARLEGU LAUSN STRÍÐSINS OG ÞÁ PÓLITÍSKU, EINS OG ÞÁ, MUNU EKKI TAKAST.
ÞAÐ ER EKKI HÆGT AÐ VINNA Í SAMNINGUM ÞAÐ, SEM HEFUR TAPAZT Á VÍGVELLINUM. ÞAÐ ER EINFÖLD STAÐREYND OG EF BANDARÍSKU HEIMSVALDASINNARNIR VILJA EKKI SKILJA ÞAÐ MUNU ÞEIR VERÐA GJÖRSIGRAÐIR.
HIN HETJULEGA BARÁTTA VÍETNÖMSKU ALÞÝÐUNNAR ER LÝSANDI BYLTINGARSINNAÐ FORDÆMI FYRIR ALLAR KÚGAÐAR ÞJÓÐIR OG VERKALÝÐSSTÉTT HEIMSINS. BARÁTTA HENNAR VÍSAR LEIÐINA UNDAN KÚGUN OG YFIRGANGI HEIMSVALDASTEFNUNNAR - SÚ LEIÐ ER LEIÐ BYLTINGARBARÁTTUNNAR. Í BARÁTTUNNI GEGN HEIMSVALDASTEFNUNNI GEGNIR BYLTINGARBARÁTTA ALÞÝÐUNNAR Í VÍETNAM HLIÐSTÆÐU HLUTVERKI Í DAG SEM LÝSANDI FYRIRMYND ÖREIGA OG KÚGAÐRA ÞJÓÐA OG OKTÓBERBYLTINGIN 1917.

Við lifum á tímum hinnar rotnandi heimsvaldastefnu - lokastig auðvaldsins.

Heimsvaldastefnan er hæsta stig auðvaldsins, einokunarstig þess. Það sem einkennir heimsvaldastefnuna er fjármagnsútflutningur, en það sem einkenndi "gamla auðvaldið" var vöruútflutningur og frjáls samkeppni. Auðugu löndin hagnýta gróða sinn til að fjárfesta í löndum, þar sem þróunin er skammt á veg komin. Þar eru gróðahorfur miklar sökum lítils innlends fjármagns, ódýrs jarðnæðis, lágra launa og ódýrs hráefnis. Heimsvaldastefnan tók við af frjálsu samkeppninni skömmu fyrir síðustu aldamót. Mikið kreppuástand tröllreið efnahagslífi kapítalísku landanna á árunum 1875-98. Gífurlegur fjöldi smáframleiðenda stóðst ekki samkeppnina og ýmist gafst upp eða var innlimaður í stærri fyrirtæki. Helztu auðvaldsríki jarðarinnar hafa lokið skiptingu jarðarinnar með þeim afleiðingum, að alþjóðlegir einokunarhringir hafa myndazt, sem ráða úrslitum í efnahagslífinu.

Bandaríkin komu gífurlega sterk út úr síðari heimsstyrjöldinni og hófust þá handa við að ná undir sig nýlendum frá gömlu nýlenduveldunum í Evrópu með endurnýlendustefnunni. Meðan heimsvaldalöndin í Evrópu voru í rústum eftir síðari heimsstyrjöldina tókst USA að smeygja sér í forystusæti meðal þeirra. Ástæðan fyrir því var sú, að stórir markaðir hinna stríðshrjáðu svæða stóðu opnir fyrir vöruflóði og auðmagni (Marshallhjálpin frá USA).

Sökum framleiðsluhátta heimsvaldasinnaðra ríkja eru styrjaldir nauðsynlegar til að forðast offramleiðslukreppur. Í stríði er framin gjöreyðing á framleiðsluöflunum á takmarkalausan hátt, er leiðir til gífurlegrar eyðileggingar, sem er grundvöllur fyrir vöxt og viðgang auðvaldsskipulagsins. Þannig eru styrjaldir eðlilegt ástand á tímum heimsvaldastefnunnar.

Ein tegund stríðs, sem heimsvaldastefnan kallar fram, er nýlendustríð og árásarstríð heimsvaldastefnunnar. Stríð þessi eru háð með það fyrir augum að vernda hagsmuni auðvaldsins og berja niður alla mótstöðu gegn "herraþjóðinni". Þannig stríð er Indókínastríðið. En í Indókína er meira í húfi en að hagsmunum Bandaríkjanna sé ógnað. Þar prófa Bandaríkjamenn aðferðir til að geta viðhaldið kúgun sinni, æfa sig undir að berja niður frelsisstríð annarra kúgaðra þjóða. Höfuðmóthverfan í heiminum í dag er á milli kúguðu þjóðanna og heimsvaldastefnunnar. Þessi móthverfa kemur bezt fram í Indókína. Þar hefur bandaríska heimsvaldastefnan beðið hvern ósigur af öðrum í baráttu sinni við alþýðu Víetnam, sem hefur fært okkur heim sanninn um það hvers alþýða kúguðu landanna er megnug, ef hún berst undir forystu flokks, sem hefur vísindalega sósíalismann á valdi sínu. Heimsfriðurinn er undir því kominn hvernig mikilvægustu móthverfurnar í heiminum í dag þróast og þá fyrst og fremst höfuðmóthverfan. Í Indókína eru gerðar tilraunir með nýjustu og áhrifamestu múgmorðsvopn veraldarsögunnar. En allt kemur fyrir ekki, pappírstígrisdýrið verður að láta undan síga.

Meðan friður helst, geta sósíalísku löndin eflt varnir sínar, kommúnistar í heimsvaldalöndunum fá tækifæri til að vinna öreigana á band hinnar byltingarsinnuðu fræðikenningar. Sósíalísku byltingarstríðin eru framsýn stríð, því að þau frelsa öreigastéttina undan launaþrælkun og kúgun. Í samanburði við hinar viðbjóðslegu aðferðir heimsvaldastefnunnar til að viðhalda arðránsfjötrum sínum er sósíalísk valdbylting friðsamasta stríðsaðgerð, sem til er.

Þó að bandarísku heimsvaldasinnarnir hafi beðið ósigur í Víetnam er ekki þar með sagt, að þeir hypji sig heim. Þeir eru að byggja nýjar víglínur í Thailandi og á Filippseyjum, sem nota á til að tryggja hagsmuni auðvaldsins í Austurlöndum fjær og hefta útbreiðslu sósíalismans. En í báðum þessum löndum er hafin barátta gegn heimsvaldastefnunni undir forystu kommúnista. Höfuðhreyfingin í heiminum er byltingin, og alþýða kúguðu landanna mun rísa upp og varpa af sér því oki, sem heimsvaldastefnan leggur á hana.

Ógnarsprengjuárásir heimsvaldasinna - tilraun til að brjóta á bak aftur byltingarsinnað fordæmi Víetnam.

Barátta alþýðu Víetnam gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og hinum ýmsu leppstjórnum þeirra hefur staðið yfir síðan 1954. Þrátt fyrir algjöra efnislega yfirburði hafa heimsvaldasinnar verið neyddir til að hörfa og stór hluti Suður-Víetnam verið frelsaður af alþýðuhernum.

framhald á baksíðu

SÝNUM ALÞJÓÐAHYGGJU ÖREIGANNA Í VERKI STYÐJUM ÞJÓÐFRELSISFYLKINGUNA

● Alþjóðahyggja öreiganna hefur tvær hliðar. Sú fyrri þýðir óvægna baráttu fyrir byltingarhreyfinguna á Íslandi, fyrir sósíalísku byltinguna. Í starfinu á Íslandi í dag þýðir það að vinna af öllum kröftum að myndun byltingarflokks, sem verði fær um að leiða verkalýðsstéttina fram til sigurs í stéttabaráttunni. Hin hlið alþjóðahyggjunnar er að styðja efnislega og með áróðri og samúðaryfirlýsingum o.þ.h. sömu línu - byltingarbaráttuna - í öllum löndum. "Allt annað eru hreinir draumórar", segir Lenín. Seinni hliðin hefur orðið útundan hjá KSML þar til nú. Séð í ljósi baráttunnar, þar sem hún er hörðust og mikilvægust í dag, þá er réttast að styðja efnislega byltingarbaráttuna í Víetnam í dag. Í ljósi þessa hafa KSML ákveðið að hleypa af stokkunum söfnun fyrir Þjóðfrelsisfylkinguna.

● Skefjalaus eyðileggingarstarfsemi bandarísku heimsvaldasinnanna veldur því, að efnislega tjónið í Víetnam er geypilegt. Því er nauðsynlegt að styðja þá eins mikið efnislega og okkur er framast unnt.

● Allt fé það, sem safnast, rennur óskipt til Þjóðfrelsisfylkingarinnar (FNL) í gegnum skrifstofur þeirra á Norðurlöndum. Þeir munu síðan ráðstafa því sjálfir eftir því, sem hentar baráttu þeirra bezt.

● Sölumenn Stéttabaráttunnar munu taka á móti fjárframlögum í sérstaka söfnunarbauka. Á þennan hátt sýnum við alþjóðahyggju öreiganna í verki: baráttuna fyrir sósíalísku byltingunni á Íslandi og efnislega stuðninginn við framvarðarsveit byltingarinnar í heiminum í dag - alþýðu Víetnam.



Samstaða með hverjum? Gegn hverjum? Á hvaða grundvelli?

Fundurinn í Háskólabíó: Samstaða með borgurunum

Til þess að hefta eða afvegaleiða hreyfingar í þjóðfélaginu, sem stefna óméðvitað eða meðvitað gegn undirstöðum auðvaldsþjóðfélagsins notast borgarastéttin við tvær höfuðaðferðir: svipuna eða tálið.
Svipan er notuð, þegar byltingarsinnuðum samtökum öreiganna vex svo fiskur um hrygg, að borgarastéttin á einskis annars úrkosta en að kasta af sér lýðræðishjúpnum og ráðast beint gegn öreigunum, dæmi: fasisminn. Tálið er notað, þegar borgararnir sjá sér fært að tæla vaxandi hreyfingar, t.d. Víetnamhreyfinguna, inn á sér hættulausar brautir.
Víetnamhreyfing, sem beinist gegn heimsvaldastefnunni, er borgurunum hættuleg, svo fremi sem hreyfingin verður hluti af byltingarbaráttu öreiganna gegn "eigin" borgarastétt, þ.e. starfi á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna. Víetnamhreyfing, sem er smáborgaraleg og starfar því ekki framsýnt, er borgurunum einkar kærkomin og er hrein heilsulind fyrir þá, svo lengi sem hreyfingunni tekst að draga að sér og afvegaleiða vaknandi stéttarvitund meðal öreiganna.

Þegar stríðsrekstur bandarísku heimsvaldasinnanna gegn þjóðfrelsishreyfingum Indókína hefur verið á þann veg, að viðbjóð og reiði vekur meðal alþýðu manna, skynja borgararnir, að þeim sé hætta búin af vaknandi stéttarvitund, sem sprettur út frá afhjúpunum á eðli heimsvaldastefnunnar. Þeir eru því fljótir á vettvang með sínar "skýringar" og þyrla upp moldviðri til þess að reyna að hylja raunverulegt eðli heimsvaldastefnunnar.

Fundurinn í Háskólabíói á gamlársdag er ferskt dæmi um þessa taktík borgaranna, sem áður er lýst.
Eftir að flugher bandarísku heimsvaldasinnanna hafði haldið uppi linnulausum loftárásum á Norður-Víetnam með hundruðum flugvéla í lok des. s.l. var vakin sár reiði og andúð fólks víða um lönd. Hér á landi birtist þessi andúð m.a. með hinni miklu fundarsókn, sem varð á fundinum í Háskólabíói.
Það, sem varð markverðast við þennan fund, var, hversu fullkomlega hann sannaði getuleysi smáborgaralegu sósíalistanna í Víetnamnefndinni til að sýna raunverulega samstöðu með baráttu alþýðunnar í Indókína og hversu fullkomlega andúðaröldunni var sópað undir kjólfald auðvaldsins og gerð skaðlaus í því eilífðarmyrkri, sem þar ríkir.
Hlið við hlið sátu hinir "róttæku ungu menn" svo sem Sveinn R. Hauksson, Ari Trausti, Sólveig Hauksd. o.fl. og refir borgaranna, Magnús Kjartansson, Tímatóti, Eðvarð Sigurðsson o.fl.

Með þessum fundi og öðrum pólitískum aðgerðum hefur "hið unga róttæka fólk" sannað fullkomna fylgispekt sína við borgarana líkt og smalahundur við húsbónda sinn. Faðmlög Fylkingarinnar við kratana í Alþýðubandalaginu og Samtökum frjálslyndra sýna hversu pólitík hennar er gjaldþrota. Á sama tíma og byltingarbaráttan hvarvetna í heiminum er í framsókn með alþýðu Indókína í broddi fylkingar dragnast Fylkingin og "róttækir" stúdentar með þá rotnu pólitík að fylgja borgurunum í gegnum þykkt og þunnt. Magnús Kjartansson, Tímatóti og aðrar borgaratíkur höfðu erindi sem erfiði; að hylma yfir með auðvaldinu (þ.e. ljúga um orsakir stríðsins í Indókína) og skella allri skuldinni á Nixon persónulega: hinn vitfirrta Nixon.

Það er borgurunum í hag að geta sent "kommúnista" á borð við Magnús Kjartansson á svona samkomur til þess að tala máli sínu. Við getum rétt ímyndað okkur, hversu mikið mark hefði verið tekið á t.d. Ellert Schram, ef hann hefði farið að vola yfir "vitfirringunni í Washington". Stéttarhagsmunir Magnúsar og Ellerts eru þeir sömu, þótt þá greini á um þær aðferðir, sem auðvaldinu eru fyrir beztu, en Magnús þjónar auðvaldinu miklu betur við þær aðstæður, sem ríkja í dag. Og það er ekki ónýtt fyrir ráðherra, sem nýlega hafa staðið að því að stórauka arðránið á íslenzkri verkalýðsstétt, að sýna sínar "betri" hliðar og gefa sér róttækt yfirbragð.

Pólitíkin, sem var færð fram í nafni "samstöðu með Víetnam" var gegnumrotin og borgaraleg. Við skulum taka nokkur dæmi:
Magnús Torfi: "Styrjöldin gegn Víetnam hefur ekkert raunverulegt markmið lengur, annað en að fullnægja hégómaskap og metnaðargirnd nokkurra stjórnmálamanna og hershöfðingja í Washington." "Uppstyttan í lofthernaði... er háð vilja eins manns, Nixons... honum er til alls trúandi." "...treystir nokkur... sér lengur til að taka málstað Bandaríkjaforseta." (Okkar undirstr.)

Jóhann S. Hannesson: "... ég vil... mótmæla því andlega og siðferðilega þjóðarsjálfsmorði, sem óttast má að vofi yfir bandarísku þjóðinni ef leiðtogar hennar halda áfram á þeirri braut, sem þeir hafa í blindni valið sér." (Undirstr. okkar).
Hér er því haldið fram af Magnúsi Torfa og Jóhanni Hannessyni, að Nixon og nokkrir hershöfðingjar séu vitfirringar og stundi styrjaldarrekstur í Víetnam upp á eigin spýtur vegna hégómaskapar og metnaðargirndar! En þeir eru að sjálfsögðu hluti af stærri heild - sannir fulltrúar bandaríska auðvaldsins. Jóhann "... er ekki meðal þeirra, sem fagna tilefni til að áfellast Bandaríkin." Nei, hann fordæmir "... af virðingu, samúð og ást." Hann er "sorry" fyrir hönd bandarísku heimsvaldastefnunnar, þegar hún hefur beðið hinn herfilegasta ósigur í stríðinu gegn þjóðfrelsisöflum Indókína. Þessi maður hefur ekki séð ástæðu til að lýsa samúð sinni áður með baráttu alþýðunnar gegn heimsvaldastefnunni. Það er fyrst eftir að hann sér hversu USA-auðvaldið er orðið örvæntingarfullt, að hann fordæmir hinar "vitfirrtu hugmyndir", sem hann sér í hernaðarstefnu USA-heimsvaldasinna nú, þegar öllu er lokið hjá þeim í Víetnam.

Tímatóti: "Svo erfitt var að finna skynsamlega skýringu á þessum árásum,..." "Loftárásirnar á borgirnar í Víetnam eru vitfirring manns, sem veit að hann er búinn að tapa." "Ef Bandaríkjamenn hefðu ekki af vanhyggindum og margvíslegum misskilningi blandað sér í átökin þar.." (Okkar undirstr.) Já, ætli heimsstyrjaldirnar hafi ekki bara sprottið af "margvíslegum misskilningi". ?!!
Tímatóti virðist færa fram samþykkta "skýringu" af hálfu Framsóknar. Ólafur Jóhannesson sagði í áramótaræðu sinni: "Okkur eru þessar skelfilegu loftárásir nú með öllu óskiljanlegar."
Það er skiljanlegt, að fulltrúar SÍS og ESSO einokunarauðvaldsins vilji forða fólki frá því að skilja ástæðurnar að baki hernaðinum í Indókína.

Magnús Kjartansson sagði, að "...styrjöldin í Víetnam væri afleiðing af þeirri ákvörðun sigurvegaranna í heimsstyrjöldinni síðari að reyna að skipta hnettinum í áhrifasvæði." "Stórveldin höfðu úrskurðað, að frelsisbarátta Víetnama félli ekki inn í það nýja kerfi sem rísa skyldi úr rústum heimsstyrjaldarinnar." Magnús Kjartansson er hér á lævísan hátt að sneiða að Stalín og gefa í skyn, að hann hafi svikið Víetnama, og reyna að telja fólki trú um, að heimsveldin hafi "komið sér saman um" skiptingu heimsins. Hér er komin ljóslifandi kenningin um últraimperíalismann, að heimsveldin standi saman gegn smáþjóðum. Kenningin hefur verið notuð af hentistefnugerpum víða um heim til að reyna að réttlæta stuðning við borgara í eigin landi og er það tilgangur Magnúsar Kj. Magnús Kjartansson vill "..eggja fátækar, kúgaðar þjóðir til baráttu og stuðla að því að mola í sundur arðránskerfi hinna auðugu ríkja og drottnunarkerfi risaveldanna." (Okkar undirstr.)
En hvað með arðráns- og drottnunarkerfi ísl. borgarastéttarinnar, sem Mangi stýrir nú sem bezt hann má???

Allar þessar mismunandi "skýringar" hafa aðeins eitt markmið: að dylja hinar raunverulegu orsakir stríðsins, í þágu borgarastéttarinnar. Í skólabókum borgaranna eru orsakir seinni heimsstyrjaldarinnar raktar til mannvonsku Hitlers og hlaupagikka hans ásamt takmarkalausu Gyðingahatri þeirra. Raunveruleikinn er annar. Ástæðurnar fyrir stríðum borgarastéttarinnar eru sókn þeirra eftir hámarksgróða. Hitler var studdur af þýzkum auðhringum, svo sem Krupp, Farber Castell o.fl. Nixon er fulltrúi fyrir ameríska auðhringi eins og IBM, UNITED FRUIT og ITT.

Bandarísku heimsvaldasinnarnir fóru í stríð í Víetnam til þess að halda í auðlindir landsins, t.d. olíu og málma, og arðræna víetnamskan verkalýð. Einnig í þeim tilgangi að reyna að byggja upp herstöðvanet, sem beint yrði gegn Alþýðulýðveldinu Kína, sem með markvissri sósíalískri uppbyggingu sinni er ljóslifandi ógnun við drottnunarvald auðvaldsins hvarvetna í heiminum. Hér við bætist að stór hluti bandarísku borgarastéttarinnar hefur lagt auðmagn sitt í hergagnaiðnaðinn og græðir stórar summur á þeim styrjöldum, sem USA stendur að víða um heiminn. En inntak stríðsins er annað í dag, en það var í upphafi. Sökum hinnar kröftugu byltingarsinnuðu andspyrnu alþýðunnar í Víetnam varð smám saman spurningin um sigur alþýðunnar og þá leiftrandi hvatningu, sem hann yrði öllum kúguðum þjóðum heims í baráttu þeirra gegn heimsvaldastefnunni, að höfuðástæðu áframhaldandi styrjaldarreksturs bandarísku heimsvaldasinnanna og er ástæðan fyrir sífellt trylltari og örvæntingarfyllri múgmorðsaðgerðum þeirra, þar sem markmið þeirra er sigur, hvað sem það kostar - gjöreyðing.

Svo lengi sem efnahagskerfi borgarastéttarinnar stendur munu heimsvaldasinnuð árásarstríð eins og Víetnamstríðið brjótast út aftur og aftur. Það liggur í augum uppi, hversu mikilvægt það er fyrir borgarastéttina að dylja þetta og freista þess að snúa hatrinu og andúðinni á stríðinu í aðrar áttir.

Það eru svik af hæstu gráðu gegn öllum framsæknum öflum, hvar sem er í heiminum, að falla fyrir lýðskrumi sósíaldemókrata í Víetnammálinu, það eru í raun nákvæmlega sömu svik sem "kempurnar" í II. Alþjóðasambandinu gerðu sig sekar um, er fyrri heimsstyrjöldin brauzt út: þeir fylktu liði með "eigin" borgarastétt gegn borgarastéttum annarra landa. Með því að fegra þau öfl, sem eru helztu stoðir íslenzka auðvaldsins (Alþýðubandalagið), með því að draga dul á það, að Ísland er auðvaldsland, þar sem sjálfstæð auðvaldsstétt ræður ríkjum (með alræði borgaranna), er Víetnamnefndin á sama hátt að framkvæma svik gegn íslenzkum verkalýð og festa jafnframt í sessi vanþekkinguna um raunverulegt eðli heimsvaldastefnunnar, í stað þess að berjast gegn henni á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna með því að berjast gegn auðvaldinu í eigin landi með það fyrir augum að steypa því.

Gagnbyltingarsinnuð pólitík Víetnamnefndarinnar

Fyrir nokkrum vikum var stofnuð svokölluð Víetnamnefnd hér í Reykjavík að frumkvæði nokkurra háskólastúdenta, sem hafa leitt starf þessarar nefndar ásamt Fylkingunni, en alls eiga aðild að þessari nefnd 12 félagsskapir og pólitísk samtök. Tilgangur greinar þessarar er að benda á þá pólitík, sem rekin er af hálfu nefndarinnar - stéttarafstöðuna til stríðsins í Víetnam, afstöðuna til stéttabaráttunnar á Íslandi og þær hugmyndir, sem hún gerir sér um á hvern hátt íslenzkur verkalýður getur bezt stutt stéttarbræður sína í Víetnam. Til þess að geta gert okkur grein fyrir þessu verðum við að skoða stéttasamsetningu nefndarinnar og skilgreina pólitískar skoðanir aðila nefndarinnar út frá stéttarstöðu þeirra og starfi í þjóðfélaginu.

Afstaðan til orsaka Víetnamstríðsins og skilningurinn á því, hvernig íslenzkur verkalýður getur bezt stutt frelsisbaráttu alþýðu Víetnam afhjúpar hina rotnu, borgaralegu pólitík Víetnamnefndarinnar.

Stéttasamsetning leiðandi hluta Víetnamnefndarinnar er smáborgaraleg eins og ætíð hefur verið um allar "samstöðu"hreyfingar og allar andófshreyfingar gegn hinu og þessu á Íslandi frá því Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður, þ.e.a.s. yfirgnæfandi meirihlutinn er námsmenn og menntamenn, sem grundvalla ekki sína pólitík á stéttargrundvelli verkalýðsins og sögulegu hlutverki hans, sósíalísku byltingunni, vegna vanþekkingar á eðli auðvaldsþjóðfélagsins og skilyrðum stéttabaráttunnar.

Útgangspúnktur afstöðu þeirra er það tómarúm, er þeir lifa og starfa í í yfirbyggingu þjóðskipulagsins, án tengsla við hina raunverulegu stéttabaráttu í þjóðfélaginu, í framleiðslustarfinu.

Vissulega er ekki þar með sagt, að þeim einstaklingum, sem tilheyra millihópunum í þjóðfélaginu (þeim hópum manna, sem hafa ekki fastákveðna stéttarstöðu - eru hvorki öreigar né borgarar, þ.e. vinna í yfirbyggingunni við skrifstofustörf, kennarastörf, þjónustustörf o.s.frv.) sé fyrirmunað að geta tekið framsýna afstöðu til stéttabaráttunnar og starfa skv. henni, en það gerist aðeins á þann hátt, að þeir fylki sér undir rauðan fána öreigastéttarinnar, hinnar einu sönnu byltingarsinnuðu stéttar, í baráttu hennar fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins og uppbyggingu alræðis öreiganna, og leggi einvörðungu hagsmuni verkalýðsins til grundvallar öllu starfi sínu.

Allt starf meðlima Víetnamnefndarinnar hefur sýnt, að pólitík þeirra er ekki sú pólitík, sem þjónar verkalýðsstéttinni í baráttu hennar gegn auðvaldinu, heldur þvert á móti stendur hún í bráð og lengd gegn aukinni stéttvísi íslenzkra öreiga, þar sem hún hefur það takmark að dylja eðli og afleiðingu kapítalismans í stað þess að afhjúpa og berjast gegn auðvaldinu.

Einn mesti baráttuleiðtogi víetnamskrar alþýðu Ho Chi Minh benti á, að bezti stuðningur, sem öreigar heimsins gætu veitt alþýðu Víetnam væri að taka þátt í baráttunni fyrir sósíalisma í eigin landi, þ.e. að efla og styrkja byltingarsamtök verkalýðsins í sérhverju landi. Því þetta þýðir, að um leið og verkalýðsstétt auðvaldslandanna gerir eigin borgarastétt skil, þá rísa upp nýjar byltingarstöðvar í heiminum, hinn sósíalíski heimur stækkar og vinnur á á alþjóðlegan mælikvarða gegn auðvaldsheiminum. Þannig er sigur byltingarinnar í Indókína sigur fyrir íslenzka verkalýðsstétt - og öfugt. Þetta er hinn sanni kjarni alþjóðahyggjunnar.

Hvernig fer Víetnamnefndin að? Hún tekur ekki afstöðu til stríðsins á stéttargrundvelli öreiganna, hún getur ekki skilgreint Víetnamstríðið og orsakir þess, hún hefur ekki byltingarsinnaða afstöðu til auðvaldsskipulagsins á Íslandi og starfar því í reynd að því að viðhalda nákvæmlega því sama hagkerfi og sem óhjákvæmilega leiðir af sér sams konar stríð og nú er háð í Víetnam.

Borgaralegur húmanismi er enginn stuðningur við alþýðu Víetnam! Hinn raunverulegi stuðningur er samstaða á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna - byltingarsinnuð stéttabarátta!

Lítum á blað Víetnamnefndarinnar, "Samstöðu", sem er hrein viðurkenning á réttmæti ofanskráðs. Þar er fjallað á loðinn og yfirborðslegan hátt um Víetnamstríðið, engin tilraun gerð til útskýringar á eðli heimsvaldastefnunnar og forsendu hennar og hreinlega villandi frásögn um þjóðfrelsishreyfinguna - FNL. Í blaðinu er hampað orðum eins og "umhverfismorð" og "náttúrumorð" (uppáhaldsorð sósíaldemókrata ásamt "lífsvistarstríð"), sem þeir einir nota, er hafa pólitískan hag af því að dylja raunverulegt eðli stríðsins - stéttabaráttuna. Þess er einnig gætt að minnast ekki á, að það er Kommúnistaflokkur Víetnam, sem er leiðandi í alþýðustríðinu og að marxisminn-lenínisminn er leiðsögn í byltingarbaráttunni.

Í einni grein blaðsins, sem ber nafnið "Samhengi svívirðunnar", segir svo:
"Víst erum við (?) of lítils megnug. Eitt er okkur þó ekki ofætlandi: að halda vöku okkar, nota dómgreindina til að gera okkur ljóst samhengi svívirðunnar - að sjálf erum við (?) samábyrg um glæpi Bandaríkjanna í Víetnam og annars staðar, meðan við(!?) erum með þeim í hernaðarbandalagi. Þegar allt kemur til alls, getum við ekki veitt fórnarlömbum þeirra öflugra lið með öðrum hætti en þeim: að vera sjálfir m e n n (sic!) og slíta af okkur herfjötrana." (Ath. semdir okkar).

Fyrir munn hverra er talað hér? Það þarf engum blöðum að fletta, með "við" er átt við íslenzka borgarastétt, því íslenzkir öreigar eru á engan hátt samábyrgir um glæpi USA-heimsvaldastefnunnar hvorki í Víetnam né annars staðar. Það er íslenzka auðvaldið, sem ber samábyrgð á öllum glæpum heimsvaldastefnunnar í heiminum sem hluti af hinu alþjóðlega auðvaldi.
Og hinn borgaralegi húmanisti, höfundur greinarinnar, veit ekki um betri stuðning handa stríðandi alþýðu Víetnam en "að vera sjálfir m e n n"! En við kommúnistar segjum:
Það er ekki til nein raunveruleg samstaða með víetnömsku alþýðunni í byltingarbaráttu hennar gegn heimsvaldasinnaðri borgarastétt Bandaríkjanna önnur en á grundvelli verkalýðsstéttarinnar, á grundvelli sósíalísku byltingarinnar, sem gerir það að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að sú samstaða, sú barátta, sé leidd af kommúnistum, en ekki af sósíaldemókrötum eða borgaralegum frjálshyggjumönnum!

Fylkingin og "róttækir" stúdentar eru bremsa fyrir auðvaldið á vaxandi framsækni í þjóðfélaginu.

Það sem einkennir Fylkinguna og hina "róttæku" stúdenta ásamt fleiri vinstri mönnum, er, að þeir vaða úr einu verkefninu í annað. Ætíð á að samfylkja sem flestum gegn þessu núna ("og fá sem flesta með") og hinu seinna. Aldrei eru dregnar upp skýrar línur varðandi pólitíska ástandið eða mörkuð stefna fram á við fyrir verkalýðsstéttina í stéttabaráttu hennar. Maó Tsetung lýsir greinilega einmitt slíkum starfsaðferðum: "Það er alkunnugt, að ef þú ætlar að gera eitthvað án þess að skilja raunverulegar aðstæður, eðli þess og tengsl við annað, þá skilur þú ekki þau lögmál, er það lýtur, veizt ekki hvernig á að vinna verkið og getur ekki leyst það af hendi svo að vel sé." (Rauða kverið, bls. 212)

Hin sjálfsprottna og ruglingslega pólitík Fylkingarinnar og stúdentanna stafar einmitt af því að þeir gera sér ekki grein fyrir eðli auðvaldsþjóðfélagsins og skilja ekki hvernig þeir geta bezt stutt verkalýðinn. Þá skortir þá vísindalegu þekkingu á þjóðfélaginu, sem myndi gera þeim kleift að skilgreina ástandið í dag, sjá hver höfuðmóthverfan er og út frá því, hvert höfuðverkefni íslenzkra öreiga er í dag.
"Á sama tíma og sama stað geta ekki verið mörg aðalverkefni. Á hverjum tíma er meginverkefnið aðeins eitt auk annarra verkefna, er hafa minna gildi og skipa annan eða þriðja sess." (Rauða kverið bls. 230).

Þannig verðum við að skilgreina hvert höfuðverkefnið er og láta öll önnur verkefni þjóna höfuðverkefninu. Fylkingin hefur eitt höfuðverkefni í dag, annað á morgun og enn eitt hinn daginn. Þannig fer allt út í loftið hjá þeim og ekkert miðar áfram - verður í reynd bremsa á vaxandi framsækni í þjóðfélaginu og beinn stuðningur við hinn raunverulega óvin: íslenzku borgarana! Í dag starfar Fylkingin eins og baráttan gegn her og NATO sé höfuðverkefnið. KSML starfar í samræmi við höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag, sem er skipulagning stéttarinnar - uppbygging kommúnistaflokks, sem þýðir, eins og ástandið er í dag, byltingarsinnað námsstarf, útbreiðsla vísindalega sósíalismans.

VERKAMENN! BEZTI STUÐNINGUR VIÐ STRÍÐANDI ALÞÝÐU VÍETNAM ER AÐ STYRKJA HIN EINU BYLTINGARSINNUÐU SAMTÖK VERKALÝÐSINS Á ÍSLANDI - KSML! HAFIÐ SAMBAND VIÐ OKKUR OG LÁTIÐ SKRÁ YKKUR Í NÁMSSTARF!

MEÐ BARÁTTU OKKAR HÉR - STÉTT GEGN STÉTT - STYÐJUM VIÐ ALÞÝÐU VÍETNAM!

Alþjóðahyggja í verki

Ísland komst á stig heimsvaldastefnunnar um og upp úr fyrra uppskiptastríðinu. Einokunarhringir og fjármálaauðvald spruttu upp úr hinni frjálsu samkeppni. Vegna smæðar sinnar var og er íslenzkt auðvald háð auðvaldsríki. Íslenzk borgarastétt hefur ekki yfir þungaiðnaði að ráða, hún er viðskiptalega háð öðrum auðvaldsríkjum og hún hefur lítil ítök í alþjóðlegu bankakerfi. Þess vegna getur íslenzk borgarastétt ekki rekið sjálfstæða heimsvaldapólitík.
Þrátt fyrir það, að hún geti ekki rekið sjálfstæða heimsvaldapólitík eins og flest auðvaldsríki, aftrar henni ekkert frá því að styðja heimsvaldastefnuna í heiminum t.d. með því að vera í NATO og styðja þannig heimsvaldaríkin efnahags- og hugmyndafræðilega gegn frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna í Indókína, Afríku og Rómönsku Ameríku. Keppni íslenzka auðvaldsins á heimsmarkaðinum eftir sérhagsmunum með fjárfestingum og þátttöku í ríkjasamsteypum eru dæmi um hvernig hagsmunir háðra auðvaldsríkja eru þeir sömu og annarra auðvaldsríkja, sem reka sjálfstæða heimsvaldastefnu.

Fjármagnsútflutningur íslenzkra burgeisa á erlenda markaði hófst í fyrra uppskiptastríðinu. Þá var íslenzkum auðmönnum meðal annars veitt einkaleyfi á starfrækslu saltfisksverkunar og útflutningi á Ítalíumarkað - KVELDÚLFUR. En í dag er þróunin lengra á veg komin. Nú tekur ríkisvaldið að sér skipulagningu auðvaldsins í einokun - sbr. lagmetisiðnaðinn. SÍS og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa um árabil rekið stórar verksmiðjur í Bandaríkjunum, þar sem þeir arðræna dag hvern hundruð bandarískra öreiga. Nú í sumar var dótturfyrirtæki annars þessa fyrirtækja "Coldwater Seafood Corporation" ákært fyrir tilraun til hringamyndunar af bandarískum aðilum. En auðvaldinu eru allar leiðir færar til hringamyndunar, þ.e. einokunar.
Hérna höfum við dæmi um arðrán íslenzkrar borgarastéttar í að minnsta kosti tveim löndum. Hér á Íslandi höfum við meðal annars dæmi um hvernig íslenzkir einokunarauðmenn náðu undir sig Eimskipafélagi Íslands með hlutabréfakaupum. Það er ein aðferð þeirra til myndunar auðhringa. Allt þetta er afleiðing af því að stöðugt sameinast banka- og iðnaðarauðvald og myndar fjármálaauðvald, sem þýðir aukna einokun. Þetta er lögmál kapítalismans á skeiði heimsvaldastefnunnar.

Til að greiða heimsvaldastefnu og auðvaldi rothögg duga ekki starfshættir smáborgaralegu sósíalistanna. Hér á Íslandi er þá helst að finna í Alþýðubandalaginu og Fylkingunni og ýmsum sjálfsprottnum andófshreyfingum, sem byggja á þjóðrembingi og smáborgaralegri afstöðu menntamannanna. Það sem þessum smáborgaralegu sósíalistum er sameiginlegt er stuðningur við ríkisstjórnina, þ.e. íslenzkt auðvald. Í baráttu sinni fyrir útfærslu landhelginnar líta smáborgaralegu sósíalistarnir á Íslendinga sem eina stétt. Þeim er fyrirmunað að skilja höfuðmóthverfuna á Íslandi, borgarastétt gegn öreigastétt. Með baráttu sinni og stuðningi við íslenzka kapítalista styðja þeir heimsvaldastefnuna í verki. Þeir veita heimsvaldastefnu Bandaríkjanna í Víetnam dyggan stuðning.

Víetnam - byltingarsinnað fordæmi.

Barátta Víetnama fyrir sjálfsákvörðunarrétti og þjóðfrelsi gegn nýlendustefnu bandarísku heimsvaldastefnunnar er byltingarsinnað fordæmi öllum kúguðum þjóðum. Þannig hefur vopnuð frelsisbarátta Víetnama orðið fordæmi fyrir byltingarhreyfingar í Laos, Kambódíu og nú hefur alþýða þessara landa unnið stór landssvæði af leppum bandarísku heimsvaldastefnunnar og veikt þannig baráttumátt heimsvaldastefnunnar í Víetnam um leið og hún tryggir frelsi sitt.

Barátta þjóðfrelsisfylkinga Víetnam, Laos og Kambódíu er því beinn stuðningur við allar kúgaðar þjóðir heims í baráttu þeirra gegn heimsvaldastefnunni, jafnframt sem hún kallar á stuðning og byltingarbaráttu öreigastéttar auðvaldslandanna, því að öreigastétt hvers lands á meira sameiginlegt með öreigastéttum annarra land en sinni eigin borgarastétt.
Stuðningur stéttvísra öreiga auðvaldslandanna felst því ekki í innihaldslausum "friðar"draumum smáborgaranna, heldur markvissu byltingarstarfi til að brjóta á bak aftur alræði borgaranna og byggja upp sósíalismann - alræði öreiganna, það er alþjóðahyggja í verki. Þekkingin á vísindalega sósíalismanum, þekkingin á þjóðfrelsisbaráttu kúguðu þjóðanna er algjör forsenda þess að öreigar auðvaldslandanna geti veitt kúguðu þjóðunum öflugan stuðning í byltingarbaráttu þeirra.

Alþjóðahyggjan í verki.

Í baráttu víetnömsku alþýðunnar við bandarísku heimsvaldasinnana hefur Alþýðulýðveldið Kína tekið mjög eindregna afstöðu gegn heimsvaldastefnunni. Efnalega hefur það stutt alþýðuna með því að senda sín nýjustu hergögn í miklum mæli, vistir og matvæli. Í Kína er fjöldinn allur af verksmiðjum, sem eingöngu framleiða vörur til Víetnam. Kínverjar sjá sjálfir um flutninginn með smábátum, járnbrautalestum og vöruflutningabílum. Við þessa flutninga leggur fjöldi kínverskra alþýðumanna sig í hættu. Ekki má heldur gleyma olíuleiðslunum tveim, sem lagðar voru neðanjarðar frá Kína til Víetnam og valdið hafa Bandaríkjamönnum miklu hugarangri. Á pólitíska sviðinu hafa Kínverjar veitt Víetnömum ómetanlegan stuðning. Þeir hafa á alþjóðavettvangi sýnt fram á hið rétta eðli Víetnamstríðsins og fordæmt Bandaríkjastjórn harðlega. Síðast en ekki sízt má nefna, að kínverskir alþýðumenn munu taka þátt í baráttunni með Víetnömum, þegar Víetnamar óska þess. Þessi stuðningur Kínverja er alþjóðahyggja í verki.

Andstætt við Kínverja eru Sovétríkin, sem í Víetnam opinbera enn einu sinni sósíalheimsvaldastefnu sína. Þau senda Víetnömum að vísu vopn, en gömul og úrelt, sem koma að takmörkuðu gagni og færu annars á haugana. Sem dæmi um að Sovétríkin senda ekki sín fullkomnustu hergögn má nefna fullkomnasta loftvarnarkerfi þeirra, sem gæti grandað flestum bandarískum flugvélum, áður en þær hefðu valdið skaða. Á alþjóðasviðinu hafa Sovétmenn sýnt ófyrirgefanlegan tvískinnungsháttt. Má sem dæmi nefna þögult samþykki þeirra við hafnarbanni Bandaríkjamanna sumarið 1972.

Alþjóðahyggja í verki á Íslandi: byltingarsinnað námsstarf.

Allt hjal smáborgaralegu samfylkinganna um að hægt sé að starfa á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna án þess að starfa á grundvelli marxismans-lenínismans er hrein fölsun á alþjóðahyggju öreiganna. Samfylking með fulltrúum borgarastéttarinnar í ríkisstjórn um friðardrauma þjónar því hvorki víetnamskri né íslenzkri öreigastétt, heldur erkifjendum þeirra beggja - kapítalismanum!

Allar hugmyndir smáborgaranna um frið og hreyfingarleysi eru í þjónustu borgarastéttarinnar til að dylja sannleikann um þróun auðvaldsþjóðfélagsins og stéttabaráttuna sem höfuðdrifkraft þjóðfélagsþróunarinnar. Barátta öreigastéttar Víetnam er því ekki eingöngu að reka af höndum sér bandarísku heimsvaldastefnuna, heldur jafnframt að bylta af herðum sér kúgun og arðráni kapítalismans, því að án þess að segja kapítalismanum stríð á hendur jafnframt heimsvaldastefnunni, væri að berjast fyrir fölskum friði, sem aldrei gæti leitt til annars en ósigurs fyrir þá, sem berjast svo hetjulega í Víetnam. Þannig er samfylkingin með fulltrúum borgarastéttarinnar hér á Íslandi ekki til stuðnings baráttu víetnömsku öreigastéttarinnar fyrir þjóðfrelsi og sósíalisma, heldur beinn stuðningur við kapítalisma og heimsvaldastefnu. Því, ef við segjum ekki sannleikann um íslenzka auðvaldið um leið og við hefjum baráttu gegn bandarísku heimsvaldastefnunni gerumst við þjónar sama kúgunarvalds og er að fremja þjóðarmorð í Víetnam.

Krafa íslenzkrar öreigastéttar er því, að jafnframt baráttunni gegn heimsvaldastefnunni verði hentistefna smáborgaralegu sósíalistanna afhjúpuð og vísindalegi sósíalisminn staðfestur við íslenzkar aðstæður fyrir sósíalísku byltinguna. Því að bezti stuðningur við kúguðu þjóðirnar er byltingarbarátta í eigin landi jafnframt að styðja sömu baráttu, sömu línu og aðeins hana í öllum löndum án undantekninga. Allt annað væri hentistefna og eingöngu í þjónustu auðvaldsins.

Höfuðverkefni stéttvísra öreiga er námsstarf í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs, því til að geta valið vopnin af þekkingu þarf framvarðarsveitin að hafa fræðikenninguna á valdi sínu. KSML hefur hafið starfið fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks, sem með þekkingu á vísindum öreiganna verði fær um að leiða þá til sigurs í stéttabaráttunni. Þekkingin á vísindalega sósíalismanum er eina leið öreigastéttarinnar til að forðast fen hentistefnunnar og rata veg byltingarinnar.

VERKAKARLAR OG VERKAKONUR!
HEFJUM MERKI ALÞJÓÐAHYGGJU OG SÓSÍALISMA HÁTT Á LOFT!
TÖKUM ÞÁTT Í NÁMSSTARFI OG BYLTINGARSTARFI KSML!

LENÍN: „Heimsbyltingin eina björgunin undan ógnum heimsstyrjaldarinnar"



"Alþjóðahyggja í verki getur aðeins verið ein og engin önnur: nefnilega að starfa af fórnfýsi fyrir byltingarhreyfinguna og byltingarbaráttuna í eigin landi ásamt að styðja (með áróðri, samúðaryfirlýsingum og efnislega) sömu baráttu, sömu línu - og aðeins hana - í öllum löndum án undantekningar."

"Sósíalisti, byltingarsinnaður öreigi, alþjóðahyggjumaður ályktar á annan hátt: eðli stríðsins (hvort sem það er afturhaldssamt eða byltingarsinnað) er ekki undir því komið, hver árásaraðilinn er og í landi hverra ´óvinurinn´ er staddur, heldur hvaða stétt heyr stríðið og hvaða pólitík er færð fram í stríðinu. Ef stríðið er afturhaldssamt stríð, þ.e.a.s. háð af tveim hópum hinnar heimsvaldasinnuðu, gráðugu, rángjörnu, afturhaldssömu borgarastéttar, þá verður sérhver borgarastétt (m.a.s. í litlu landi) þátttakandi í ráninu og það er verkefni mitt sem fulltrúa hinnar byltingarsinnuðu öreigastéttar að undirbúa alheimsbyltingu öreiganna sem einu björgunina undan ógnun heimsstyrjaldarinnar. Ég má ekki dæma málin út frá sjónarmiði ´eigin´ lands (því þannig hugsar aumkunarverður og þröngsýnn þjóðlegur smáborgari, sem skilur ekki, að hann er leiksoppur í höndum hinnar heimsvaldasinnuðu borgarastéttar), heldur út frá því sjónarmiði, að ég verð að taka þátt, þegar um er að ræða að undirbúa, reka áróður fyrir og flýta fyrir heimsbyltingu öreiganna.

Þetta er alþjóðahyggja, þetta er verkefni alþjóðahyggjumannsins, hins byltingarsinnaða verkamanns, hins raunverulega sósíalista."

STALÍN: „Októberbyltingin er upphafið að nýju söguskeiði"



"Einmitt vegna þess þýðir sigur Októberbyltingarinnar róttæk umskipti í sögu mannkynsins, róttæk umskipti í sögulegum örlögum heimsauðvaldsins, róttæk umskipti í frelsishreyfingu öreigastéttar heimsins, róttæk umskipti í baráttuaðferðum og skipulagsmyndum hins arðrænda fjölda, lifnaðarháttum, hefðum, menningu og hugmyndafræði hans í öllum heiminum.

Þetta er grundvöllur þess, að Októberbyltingin er bylting, sem hefur alþjóðlega þýðingu.

Þetta er einnig grundvöllur þeirrar djúptæku samúðar, sem kúguðu stéttirnar í öllum löndum bera í garð Októberbyltingarinnar, í henni sjá þeir forsendu fyrir frelsun þeirra sjálfra."

"Einmitt vegna þess að þjóðlegu nýlendubyltingarnar í landi voru fóru fram undir forystu verkalýðsstéttarinnar og merkjum alþjóðahyggjunnar hófu þjóðir slavanna sig í fyrsta sinn í sögu mannkynsins upp á það stig að vera raunverulega frjálsar og raunverulegar jafnréttisþjóðir, sem með fordæmi sínu eru hvatning fyrir kúguðu þjóðirnar í heiminum.

Það þýðir, að Októberbyltingin er upphafið að nýju söguskeiði, tímabili nýlendubyltinganna, sem eru framkvæmdar af kúguðum þjóðum heimsins í samtökum með öreigastéttinni og undir forystu hennar."

"Einn mikilvægasti árangur Októberbyltingarinnar er sú staðreynd, að hún... sýndi í verki, að hin alþjóðlega aðferð öreiganna til frelsunar kúguðu þjóðunum er framkvæmanleg og í samræmi við lokatakmarkið sem eina rétta aðferðin, að hún í verki sýndi, að bræðrabönd milli verkamannanna og bændanna meðal ólíkustu þjóða eru möguleg og í samræmi við lokatakmarkið á grundvelli sjálfstæðisins og alþjóðahyggjunnar."

MAÓ TSETUNG: „anda alþjóðahyggjunnar verður sérhver kínverskur kommúnisti að læra"



"Félagi Norman Bethune var félagi í Kommúnistaflokki Kanada. Hann var rúmlega fimmtugur þegar kommúnistaflokkar Kanada- og Bandaríkjamanna sendu hann til Kína. Hann taldi ekki eftir sér að ferðast þúsundir mílna til þess að hjálpa oss í varnarstríðinu við Japan. Hann kom til Jenan í fyrravor, fór til starfa í Vútæfjöllum og oss til mikillar sorgar dó hann píslarvættisdauða við skyldustörf sín. Hver er sá andi, sem fær útlending til þess að gera málstað kínverska þjóðfrelsisstríðsins að sínum án þess að hugsa um sjálfan sig?

Það er andi alþjóðahyggjunnar og kommúnismans og sérhver kínverskur kommúnisti verður að læra af þessu dæmi. Lenínisminn kennir oss, að heimsbyltingin geti því aðeins sigrað, að öreigalýður auðvaldslandanna styðji frelsisbaráttu fólksins í nýlendum og hálfnýlendum og öreigalýður nýlendna og hálfnýlendna styðji frelsisbaráttu stéttarbræðra sinna í auðvaldslöndunum.

Félagi Bethune fylgdi þessari stefnu Leníns í verki. Vér kínverskir kommúnistar verðum einnig að fylgja þessari stefnu í verki. Vér verðum að taka höndum saman við verkalýð allra auðvaldslanda, verkalýð Japans, Bretlands, Bandaríkjanna, Þýzkalands, Ítalíu og annarra landa, áður en unnt verður að koma heimsvaldastefnunni á kné, frelsa þjóð vora og alþýðu og frelsa aðrar þjóðir heims og alþýðu annarra landa. Þetta er alþjóðahyggja vor, sú alþjóðahyggja, sem tekur afstöðu jafnt gegn þröngri þjóðernishyggju og föðurlandsást."

HO CHI MINH: „Alþýða okkar berst ekki eingöngu fyrir frelsi sínu"

"Alþýða okkar berst og færir fórnir ekki eingöngu fyrir eigin frelsi og sjálfstæði, heldur fyrir sameiginlegu frelsi og sjálfstæði allra þjóða og fyrir friði í heiminum.

Þetta er ástæðan fyrir því, að hinn framsýni hluti mannkynsins lítur ekki aðeins á baráttu alþýðu okkar með aðdáun og styður hana af öllu hjarta, heldur viðurkennir einnig, að barátta alþýðu Víetnam er fáni framvarðarsveitarinnar, oddurinn og þungamiðjan í byltingarbaráttu hinnar vinnandi alþýðu og hinna kúguðu þjóða heims gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna."

(Ho Chi Minh)

"Byltingin í landi okkar er hluti af heimsbyltingunni. Framsókn byltingar okkar er órjúfanlega tengd einlægum stuðningi sósíalísku bræðralandanna, alþjóðlegu kommúnistahreyfinganna, verkalýðshreyfinganna og hreyfinganna fyrir friði og lýðræði í heiminum. Þess vegna leitast flokkur okkar stöðugt eftir að styrkja alþjóðlegu samstöðuna. Það er með því að vita, hvernig á að tengja byltingarbaráttuna í landinu við hina alþjóðlegu byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingu (sem nær einnig yfir þá baráttu, sem verkalýðsstéttin og vinnandi alþýða heyr í þeim heimsvaldalöndum, sem ráðast á okkar land) og frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna, sem flokkur okkar hefur unnið erlenda bandamenn fyrir málstað víetnömsku byltingarinnar. Með því hafa skapazt möguleikar fyrir sókn byltingar okkar og að hún láti af hendi verðugt framlag til alheimsbyltingarhreyfingarinnar."

(Saga Verkalýðsflokks Víetnam)

Þjóðfrelsisfylkingin sigrar... framhald af forsíðu

Í febrúar 1968 hóf Þjóðfrelsisherinn sína fyrstu stórsókn, hina margfrægu Tet sókn, sem þvingaði hersveitir heimsvaldasinna fram á barm ósigursins þá mánuði, sem hún stóð yfir, og neyddi bandarísku heimsvaldasinnana til að setjast við samningaborðið. Um mánaðamótin marz/apríl á síðasta ári hóf Þjóðfrelsisherinn aðra stórsókn sína, sem nú hefur staðið í 9 mánuði af fullum krafti og verulega bætt stöðu alþýðunnar fyrir lokasóknina.

Fyrir heimsvaldasinnana og leppi þeirra varð sókn þjóðfrelsisherjanna í upphafi örlagarík. Upplausnin innan Thieu-klíkunnar var algjör. Heil herfylki gerðust liðhlaupar, önnur neituðu að taka þátt í stríðinu og þau "úrvalsherfylki", sem fylgdu Saigon-klíkunni og börðust voru þurrkuð út af Þjóðfrelsishernum.

Heimsvaldasinnunum var strax ljóst, að þeir voru að tapa á vígvellinum í Suður-Víetnam og gripu því til eina vopnsins, sem þeir gátu gripið til, algjöra stríðsins - þjóðarmorðsstríðsins. Innan viku eftir að sókn þjóðfrelsisherjanna hófst hófu Bandaríkjamenn ógnarloftárásir sína á Alþýðulýðveldið Víetnam að nýju og juku jafnframt loftárásirnar yfir frelsuðu svæðunum og hernaðarlega mikilvægum svæðum í Suður-Víetnam.

Hið örvæntingarfulla sprengjustríð bandarísku heimsvaldasinnanna hefur mistekist.

"Sprengja Víetnam aftur í steinöldina" er það vígorð, sem er grundvöllur fyrir aðgerðum Nixons og bandarísku heimsvaldasinnanna í baráttu þeirra til að viðhalda alþýðu Víetnam í kúgun og neyð. B-52 sprengjuflugvélar varpa daglega niður þúsundum tonna af sprengjum yfir Alþýðulýðveldið Víetnam, yfir sjúkrahús, borgir, bæi, skóla, flóðgarða, verkalýðshverfi stórborganna, alls staðar, þar sem von er að mannslíf finnist er sprengt í því augnamiði að brjóta á bak aftur það byltingarsinnaða fordæmi, sem Víetnam er. Að vísu hafa bandarísku heimsvaldasinnarnir hætt um stundarsakir árásum á Hanoi og Haifong, en þá aukið þær annars staðar í Alþýðulýðveldinu Víetnam í staðinn.

En þetta síðasta vopn úr vopnabúri afturhalds heimsvaldastefnunnar hjálpar ekki heldur heimsvaldasinnum í að ná markmiði sínu. Í suðri berjast þjóðfrelsisherirnir áfram, forðast með lagni sprengjunet bandarísku heimsvaldasinnanna og veita lepphernum sífellt meiri og þyngri högg. Nú á síðustu dögum hafa þeir enn aukið sóknina svo um munar og hafa þar með fært enn einu sinni sönnur á styrk sinn og afl og færast sífellt nær lokasigrinum.
Í norðri hvetur stjórn sósíalíska alþýðulýðveldisins Víetnam alþýðuna til áframhaldandi baráttu og skipuleggur alla tiltæka krafta til að gera við þá skaða, sem ógnarloftárásirnar valda á framleiðslutækjunum og almennum og hernaðarlegum byggingum. Alþýða Norður-Víetnam hefur horfið niður í jörðina á ný. Verksmiðjur og sjúkrahús eru grafin niður í jörðina og ný loftvarnarbyrgi byggð. Flóðahættan, sem bandarísku heimsvaldasinnarnir vonuðu að yrði að veruleika með auknum loftárásum er enn ekki raunveruleiki. Skipulagning alþýðunnar tryggir stöðugar viðgerðir og viðbúnað við einstökum einöngruðum flóðum.
Á frelsuðu svæðunum í Suður-Víetnam eru byggð sjúkrahús og skólar og heilsugæslu komið á fót. Þrátt fyrir allar tilraunir Bandaríkjamanna til að sprengja í loft upp það, sem alþýðan undir forystu Þjóðfrelsisfylkingarinnar byggir upp, þá tekst þeim ekki að dylja það, að í miðjum hita stríðsins stígur alþýðan á frelsuðu svæðunum stór skref fram á við þjóðfélagslega og menningarlega.

Nú reynir Nixon að ná öðrum Genfarsamningum.

Í dag getur alþýða Víetnam litið stolt á liðið ár og bent á að enn einu sinni hefur hún sýnt yfirburði sína yfir heimsvaldasinnunum. Þrátt fyrir kerfisbundið þjóðarmorðsstríð hefur staða heimsvaldasinnanna veikst og staða alþýðunnar styrkst. Alþýða Víetnam er reiðubúin til að brjóta endanlega á bak aftur veldi heimsvaldasinnanna í landi sínu. Og þetta sanna atburðir síðustu daga, stórsókn Þjóðfrelsisfylkingarinnar.
Nixon og bandarísku heimsvaldasinnarnir vilja aftur á móti hvorki viðurkenna eða samþykkja ósigur sinn í Víetnam. Þeir vilja halda hvað sem það kostar markaðinum í Indókína og reyna þess vegna að taka frumkvæðið í sínar hendur með sviksamlegu "friðar" sjónspili. Þeim er ljóst, að hernaðarástand, sem er þeim í hag, er óhugsandi í dag. Þess vegna reyna þeir að gera hliðstæða friðarsamninga og voru samþykktir í Genf ´54. Slíkur friður mundi skilja að hernaðarlegu lausnina frá þeirri pólitísku, sem gæfi Bandarísku heimsvaldasinnunum andrými í nokkur ár til að endurskipuleggja sterka leppstjórn í Saigon, sem gæti hindrað framkvæmd pólitísku lausnarinnar.
Einmitt vegna þess að það eru slíkir samningar, sem bandarísku heimsvaldasinnarnir reyna að ná, er hægt að afhjúpa allt tal borgaranna um "friðar" samninga sem tilraun til að fegra bandarísku heimsvaldastefnuna og markmið hennar. Alþýða Víetnam hefur lært af reynslu sögunnar, hún mun aldrei láta Genfarsamningana frá ´54 endurtaka sig. Í sjö punktunum um frið, sem Bráðabyrgðabyltingarstjórnin lagði fram 1970, var innihaldið aðallega, að hernaðarlega og pólitíska lausnin yrði að gerast samtímis, og það sama gildir um níu punkta friðarsamningana, sem Nixon sagðist vera samþykkur í október.

Bandaríkin munu aldrei undirrita friðarsamningana.

Allt tal Nixons um frið eru aðeins loddarabrögð til að beina augum heimsins frá vígvellinum í Indókína og hinu viðbjóðslega þjóðarmorði þar. Síðan 23. október, þegar bandarísku samningamennirnir lýstu sig samþykka uppkastinu að friðarsamningunum, þá hefur Nixon dregið að skrifa undir og einnig lýst því síðar yfir, að það yrði að umskrifa textann. Loforð Nixons þjóna aðeins einum tilgangi : að dylja raunveruleg markmið bandarísku heimsvaldasinnanna í Víetnam.

Allan tímann, sem friðarorðrómur borgaranna hefur gengið um, þá hefur Nixon verið önnum kafinn við ofsalega hervæðingu hersveita Saigon-klíkunnar. Fyrri hluta Nóvember afhenti USA Saigon-klíkunni ca. 400 flugvélar, þar með F5 árásarþotur, CI30 flutningaflugvélar og CH47 þyrlur. Saigon-klíkan ræður nú yfir þriðja (!) stærsta flugflota heims.
Auk þess hefur Thieu-klíkan fengið mörg herskip, skriðdreka og brynvarða bíla af ýmsum gerðum. Þetta er innihaldið í friðarorðrómi Nixons. USA-heimsvaldasinnarnir reyna að dylja eftir megni afhjúpanirnar um að þeir muni aldrei undirrita friðarsamningana til að geta viðhaldið "friðarvonunum" og í skjóli þeirra framkvæmt umfangsmikla hervæðingu leppherrsveitanna til að draga á langinn stríðið í Suður-Víetnam.

Vilji Nixon ósigur mun hann fá hann.

Þjóðfrelsisfylkingin, Bráðabirgðabyltingarstjórnin og Alþýðulýðveldið Víetnam hafa boðið Nixon og bandarísku heimsvaldasinnunum "heiðarlegan" frið áður en hernaðarlegt hrun þeirra verður algjört. Nixon hefur notfært sér þetta tilboð til hins gagnstæða - að lengja stríðið. Alþýða Víetnam og leiðtogar hennar vita, að baráttan verður til lykta leidd á vígvellinum, að það sem ekki hefur unnizt í baráttu verður ekki unnið í samningum. Svika- og loddarabrögðum bandarísku heimsvaldasinnanna verður mætt á einn hátt - með aukinni hernaðarbaráttu. Á vígvellinum er ekkert rými fyrir gervileiktjöld og innantóm slagorð. Þjóðfrelsisherinn hefur sannað yfirburði sína á vígvellinum.
Velji Nixon leið hernaðarlega hrunsins, þá mun alþýða Víetnam tryggja það. Gagnvart þessum bakgrunni ber að skoða síðustu atburðina í Víetnam. Nú hafa Bandaríkjamenn neyðst til að hætta loftárásunum á stórborgirnar, þó þær hafi aftur á móti verið auknar í suðurhlutanum. Hinn mikli efnislegi skaði, sem bandarísku heimsvaldasinnarnir hafa orðið fyrir, pólitískur þrýstingur og yfirvofandi hernaðarlegt hrun eru orsakirnar. Hefðu Bandaríkjamenn haldið loftárásunum áfram hefði floti þeirra af B-52 sprengjuþotunum hreinlega verið þurrkaður út.

Andstaðan í Bandaríkjunum meðal demókratanna er aðeins tjáning þeirra afla í Bandaríkjunum, sem vilja "heiðarlegan" frið til að geta fest sig í sessi annars staðar í Suðaustur-Asíu, þess hluta fjármálaauðvaldsins sem á sínum tíma studdi McGovern. Allt bendir til þess að Nixon og bandarísku heimsvaldasinnarnir ætli að reyna að leika friðarsamningasjónarspilið áfram, en eins og stórsókn Þjóðfrelsisfylkingarinnar sýnir mun hún sjá fyrir hernaðarlegu hruni þeirra á vígvellinum.

Um allan heim birtist hin sigursæla og hetjulega barátta alþýðu Víetnam sem lýsandi fyrirmynd. Hin ósveigjanlega andstaða þeirra gegn sérhverri árás heimsvaldasinnanna og hæfileikar þeirra til að aðlaga hernaðarlegu og pólitísku taktíkina ríkjandi aðstæðum vekur aðdáun langt út fyrir raðir hinnar byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingar. Alþýða Víetnam er tákn vopnuðu uppreisnarinnar. Barátta þeirra er hvatning til allra verkamanna og kúgaðra þjóða um að reisa fána byltingarinnar í eitt skipti fyrir öll og rísa til baráttu gegn kúgurum sínum.

Bezti stuðningur verkalýðsstéttarinnar við alþýðu Víetnam - sósíalíska byltingin á Íslandi.

Sterkasta vopnið, sem öreigar Víetnam hafa í baráttu sinni gegn bandarísku heimsvaldasinnunum og leppum þeirra, er vísindalegi sósíalisminn. Öreigar Víetnam leiða Þjóðfrelsishreyfinguna í dag. Þeim hefur tekizt að aðlaga hina alþjóðlegu reynslu öreiganna séraðstæðum stéttabaráttunnar í Víetnam. Þeir leiða baráttuna skv. sósíalísku fræðikenningunni um alþýðustríðið, sem mótaðist í nýlýðræðislegu byltingunni í Kína.

Bezti stuðningur, sem íslenzkir öreigar geta veitt stéttarbræðrum sínum í Víetnam, er fólginn í því að starfa af fórnfýsi fyrir byltingarhreyfinguna og byltingarbaráttuna í eigin landi og styðja sömu baráttu og sömu línu í öllum löndum.

En hvernig verður bezt barist gegn íslenzka auðvaldinu? Reynslan hefur sýnt og sannað, að þar sem öreigarnir hafa ekki haft vísindalega sósíalismann að leiðarljósi hafa sigrar þeirra verið stundarsigrar og auðvelt hefur verið fyrir auðvaldið að vinna lönd á nýjan leik. Þegar við styðjum Víetnam í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni hljótum við að gera það á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna með vísindalega sósíalismann að vopni, en ekki á grundvelli "fagurra hugsjóna um frið og mannkærleik á jörðu". Krafan hlýtur að vera: afnám auðvaldsskipulagsins og arðráns og kúgunar. Því getum við ekki stutt baráttu öreiga Víetnam gegn heimsvaldastefnu og auðvaldi nema að segja íslenzkri borgarastétt stríð á hendur um leið.

KSML hefur sett sér það takmark að staðfesta vísindalega sósíalismann við íslenzkar aðstæður og því sett byltingarsinnað námsstarf sem höfuðverkefni hinna stéttvísu öreiga. Það er ekki fyrr en við höfum tileinkað okkur hina vísindalegu þekkingu um þjóðfélagið og erum farin að beita vísindalega sósíalismanum í starfi, að við getum sagt, að við styðjum baráttu alþýðu Víetnam með ráðum og dáð.

Stéttabaráttan

Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
P.O. Box 1357,
Rvk.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hjálmtýr Heiðdal.

STÉTTABARÁTTAN. málgagn KSML

Byltingarsinnaðir verkamenn og aðrir byltingarsinnar. Gerist áskrifendur að málgögnum KSML og gerið þau að beittum vopnum í baráttunni gegn kúgun og arðráni borgarstéttarinnar.

Áskrift: 200
Stuðningsáskrift: 300
Baráttuáskrift: 500

RAUÐI FÁNINN. Fræðilegt málgagn KSML.

Gerist áskrifendur: Sendið nafn og heimilisf. ásamt tegund áskriftar til:
Kommúnistasamtakanna m-l
Pósthólf 1357, Rvk.

Áskrift: 150
Stuðningsáskrift: 300
Baráttuáskrift: 500

STÉTTVÍSIR VERKAMENN OG STUÐNINGSMENN ÖREIGASTÉTTARINNAR!
Takið þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KSML!

Hafið samband við sölumenn Stéttabaráttunnar eða Hjálmtý Heiðdal (sími 12993)eða skrifið til KSML.

LESIÐ BÆKLINGA KSML.

Þegar hafa komið út 3 bæklingar á vegum KSML. Þeir eru:
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 29 um baráttuaðferðir í verkföllum.)
UM VERKFÖLL. eftir Lenín.
(Greinagóð skilgreining á almennum atriðum um eðli og orsakir verkfalla).
HIN DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJA, eftir Stalín
(2. námsfundur með ítarlegum formála og eftirmála KSML).

Væntanlegir eru :

ELDLÍNA HINNAR SÓSÍALÍSKU FRELSISBARÁTTU - SAGA VIET-NAMSTRÍÐSINS.
innihald hans er m.a. sögulegt yfirlit um stríðið og pólitiska þýðingu þess. Kafli úr ritgerð eftir Truong Song sem ber heitið "um Strategiu og taktik FNL" sem fjallar um alþýðustríðið og gildi og hlutverk hinnar byltingarsinnuðu fræðikenningar fyrir frelsisbaráttu Vietnömsku alþýðunnar.

Formáli sem fjallar um Alþjóðahyggju Öreiganna við íslenzkar aðstæður og hvernig afstaða Viet-Nam hreyfinganna og Alþýðubandalagsins til hennar er og hver eru verkefni hinnar byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingar í því sambandi.


Kaupið bæklinginn og lesið um hina hetjulegu byltingarbaráttu Vietnömsku alþýðunnar gegn árásarstefnu heimsvaldasinnanna, og hvaða lærdóma öreigar og kúgaðar þjóðir geta dregið af henni. Einnig hvað inniber Alþjóðahyggja Öreiganna fyrir íslenzku verkalýðsstéttina? Hver er besti stuðningur sem við getum veitt frelsisbaráttu Vietnama?

Órjúfanleg samstaða með baráttu Vietnömsku alþýðunnar á grundvelli Alþjóðahyggju Öreiganna.

HEIMSVALDASTEFNAN OG KLOFNINGUR SÓSÍALISMANS. eftir Lenin.

UM FLOKKINN (8. námsfundur.)

STYÐJIÐ
BARÁTTUSJÓÐ
KSML!





MEÐ BARÁTTU OKKAR HÉR - STÉTT GEGN STÉTT - STYÐJUM VIÐ ALÞÝÐU VÍET NAM !

Styðjið Þjóðfrelsisfylkinguna Gefið í Víet-Nam söfnun KSML